

# Fréttapistill frá forseta Íslands

20. október 2019

Síðasta vika hófst með skemmtilegum viðburði með fjölskyldu og fleirum. Sunnudaginn 13. október fórum við Eliza með börnin á kanadíska þakkargjörðarhátíð, gæddum okkur á kalkúni og öðrum góðum veitingum og hittum góða vini. Heima búa þónokkrir Íslendingar af kanadískum uppruna auk Kanadamanna sem hafa verið þar um skemmri tíma.

Hér er sem fyrr aðeins stiklað á stóru og vísað til heimasíðu embættis forseta Íslands um frekari fregnir frá degi til dags. Á mánudaginn var fékk ég í heimsókn hressa nemendur úr Klébergsskóla á Kjalarnesi. Sá skóli er með þeim elstu á landinu, fagnar um þessar mundir 90 ára afmæli og svaraði ég nokkrum spurningum þeirra um daginn og veginn. Afraksturinn má sjá í afmælisblaði skólans.

Miðvikudaginn 16. október sat ég málþing Almennaróms um framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi og flutti þar ávarp sem sumum gæti þótt gaman að lesa; þá er bara að halda á heimasíðu embættisins eða beint á þessa slóð:  
[https://www.forseti.is/.../2019\\_10\\_16-almannar%C3%B3mur.pdf](https://www.forseti.is/.../2019_10_16-almannar%C3%B3mur.pdf).

Daginn eftir flutti ég lengri fyrirlestur. Á árum áður var ég virkur félagi í merkum félagsskap, NAFHA (North Atlantic Fisheries History Association). Fyrir helgi héldu þessi alþjóðasamtök sagnfræðinga og annarra með áhuga á fiskveiðum í Norður-Atlantshafi ráðstefnu í Reykjavík og hélt ég þar opunarerindi. Ræddi ég þar um notkun liðinnar tíðar í samfélagsumræðu liðandi stundar og lagði ekki síst út frá eigin rannsóknum á landhelgismálum og þorskastríðum. Gaman var að hverfa um stund aftur í þennan heim.

Á föstudaginn var sat ég upphaf tveggja ráðstefna og flutti þar ávörp. Fyrst var ég við fræðsluþing slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Á vakt fyrir Ísland 2019. Notaði ég tækifærið og þakkaði þeim fyrir það ábyrgðarmikla starf sem þeir sinna. Ég minnti einnig á að 21. október í ár eru rétt 766 ár frá einum sögulegasta bruna Íslandssögunnar, þeim örlagaríka viðburði Sturlungaaldar þegar Eyjólfur ofsi fór með lið sitt að Flugumýri og réðst til atlögu við Gissur Þorvaldsson og hans fólk. Árásarmönnum gekk illa uns þeir brugðu á það ráð að leggja eld að hinum reisulega bæ. Þar inni brunnu 25 manns en Gissur komst lífs af, leitaði skjóls í sýrukeri.

Þegar talinu var vikið að samtímanum minnti ég á að alvöru hugrekki þarf til að vinna við það að fara á slysstað, halda inn í brennandi hús, leggja líf sitt í hættu, verða vitni að sársauka og sorg. Um leið þarf hugrekki til að viðurkenna að þessi starfi getur valdið sálarkvöl. Hugrækt fólk má tjá tilfinningar sínar, fólk þarf ekki að bera harm sinn í hljóði. Enginn verður minni við það að leita sér aðstoðar við að vinna úr erfiðri lífsreynslu, verður frekar meiri ef eitthvað er.

Eftir hádegi þennan föstudag flutti ég upphafserindi á ráðstefnu Málefis, hagsmunasamtaka í þágu barna og ungmenna með tal- eða málþroskaröskun. Síðar á

þinginu ræddu sérfræðingar, kennarar og aðstandendur barna, sem glíma við þennan vanda, um rannsóknir og leiðir til úrbóta.

Í gær, laugardag, lá leið mín svo til Vínarborgar, áfangastaðar á ferð til Tókýó þar sem við Eliza verðum við krýningu Naruhito, hins nýja keisara Japans. Hún hélt þangað frá Seattle í Bandaríkjunum þar sem hún tók þátt í hátíðinni Taste of Iceland eins og fræðast má um á fésbókarsíðu hennar, <https://www.facebook.com/elizajeaneid/>.

Í Vínarborg var ég við frumsýningu á Die Edda, leiksýningu Mikaela Torfasonar og Þorleifs Arnar Arnarssonar. Verkið er á fjöllum Burgtheater, þess fornfræga leikhúss Vínarborgar og er það svo sannarlega fagnaðarefni að Íslendingar hasli sér þar völl. Það eflir líka þjóðarstoltið að fleiri landar gera garðinn frægan um þessar mundir; Hildur Guðnadóttir var útnefnd sjónvarpstónskáld ársins á merkri verðlaunahátíð í Belgíu, nýbúin að fá Emmyverðlaunin fyrir magnaða tónlist sína í þáttunum um Tsjernóbýlslysið. Og Víkingur Heiðar var valinn listamaður ársins hjá tímaritinu Gramophone.

Ég óska þeim Hildi og Víkingi hjartanlega til hamingju. Heiður þeim sem heiður ber. Hér fylgja tvær myndir, sú fyrsta frá Burgtheater þar sem ég er með Þorleifi Erni og Mikael auk Elmu Stefaníu Ágústsdóttur sem leikur Hel, dóttur Loka, í Eddu (eins og gervi hennar ber enn nokkurt vitni). Svo er mynd frá Almannarómsfundinum þar sem við Vigdís Finnbogadóttir, Lilja Alfreðsdóttir og Halldór Benjamín Þorbergsson hófum söfnum málsýna í þágu þess góða málstaðar að geta nýtt íslensku í tækjum og tólum og stafrænum heimi í bráð og lengd.

Njótið öll dagsins og lifið heil.